

**43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp
sveitarómaga.**

1867.
28. ágúst.

Með bréfi dagsettu 21. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmadur, sent hingað skjal frá hreppstjóranum í Skefilstaðahrepp í Skagafjardarsýslu, þar sem hann áfrýjar til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er þér hafið kveðið upp 3. marzmán. 1854, og ákveður, að Kristján Skel Skúlason, sveitarómagi, sé sveitlægur á tæðum hrepp.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar

að taka ofangreint próf, fékk hann til þess af amtinu átoriseraðan mann, hvert réttarpróf í verifiseraðri útskrift af pólittréttarprótókol Snæfellsnessýslu eg hér hjálaga ærskyldugast sendi yðar hávelborinheitum ásamt með erkleringu sýslumannsins í Snæfellsnessýslu af 30. sept. þ. á., og þareð gleymzt hefir að innfæra á réttargjörðina amtsins átorisatiún, læt eg einnig fylgja verifiseraða afskrift af henni.

Af ofangreindu réttarprófi virðist mega ráða, að optnefndur Benjamín Bergþórsson ekki hafi áunnið sér framfærslu á Skógarstrandarhrepp með 5 ára samfleyttri dvöl, eptir því sem fyrir er mælt í reglugjörð 8. jan. 1834 6. gr. smbr. kansellibréf til vesturamtsins frá 18. apríl 1843, hvar skýlaust er tekið fram, að full 5 ára samfleytt dvöl útheimtist til að ávinna framfærissrétt í einum hrepp, og að þenna 5 ára tíma beri að reikna eptir tilsvarendi degi í þeim árum, sem um ræðir, svo að t. a. m. sá, sem komið hefir í einn hrepp 6. júní 1840, ekki hafi áunnið sér þar framfærissrétt fyr en 6. júní 1845, hversvegna amtið ekki getur álitíð, að Skógarstrandarhreyppur í Snæfellsnessýslu sé skyldur til að taka ekkju meirnefnds Benjamíns Bergþórssonar og ómaga hennar til forsgunar, eður að borga lánsstyrk þann, er hún hefir fengið úr fátækra sjóði þorkelshólshrepps í Húnavatnssýslu.

Þetta undanfelli eg ekki hérmeð ærskyldugast að tilkynna yðar hávelborinheitum, um leið og eg endursendi þau með ofanefndu bréfi yðar meðfylgjandi fylgiskjöl.

1867.
28. ágúst.

og til þess að þér kunngjörð það, að úrskurður yðar í málinu skal standa óbreyttur¹.

1) Úrskurður amtsins er svo látandi:

Þar eð engin fullkomin víska hefir fengist fyrir því, hvar Skúli Björnsson, sem minnst er á í bréfi yðar frá 26. janúarmán. þ. á., hafi átt heimili árið 1813, þá er sonur hans Kristján Skel fæddist á Illugastöðum í Skefilstaðahrepp, þá get eg ekki annað en álitð, að nefndur þurfamaður Kristján Skel Skúlason eigi samkvæmt reglugjörð 8. janúarmán. 1834 7. gr. í niðurlaginu að framfærast af töðum hrepp, og það því heldur sem það er upplýst, að móðir Kristjáns fluttist vorið 1813 með Halldóri bónda Snæbjörnssyni frá Blöndubakka í Engihlíðahrepp að áðurnefndum Illugastöðum, og að Skúli þá hafi átt að heita henni áhangandi, eins og hann líka kvað hafa verið við staddur, þá er kona hans var leidd í kirkju um sumarið í Hvammi eptir að hún fæddi Kristján Skel; og þó það jafnframt sé borið, að Skúli hafi það ár verið á flækingi hingað og þangað, þá er hið sama líka hermt um hann árið 1812—13, þá er kona hans var á Blöndubakka, og þó hann sé skrifaður fyrir tíund skepna þeirra, er hún hafði þar undir hendi, getur slíkt ekki skapað honum fast heimilisfang að Blöndubakka, þar sem það er borið, að hann hafi varla þorað að koma á heimili konu sinnar, auk þess að nefnd tíund er færð til í hreppsreikningum sem ófáanleg.

Eg hefi því í bréfi til sýslumanns Schulesens í dag mælt svo fyrir, að optnefndur Kristján Skel Skúlason megi flytjast til Skefilstaðahrepps með hyski hans, og að þessum hreppi beri að endurgjalda það, sem honum hefir verið lagt til bráðabirgða af Helga-
staðahrepp, er eptir hér með fylgjandi bréfi hreppstjóranna þar frá 23. marzmán. f. á. hefir verið 2 rd 70 sk. árið 1850—51 og frá 19. maímán. 1852 til jafnlengdar 1853 77 rd., en árið 1851—52 var honum hjálpað svo af einstökum mönnum, að hann þurfti ekki sveitarstyrks.

Að því leyti sveitarforstjórnir í Skefilstaðahrepp hafa í bréfi frá 6. ágústmán. þ. á óskað, að amtið vildi hlutast til, að í þessu máli verði tekið ítarlegra próf þar í hreppnum, og að öll þau vitni, er hafa verið heyrd, verði síðan lätin staðfesta framburð sinn með eiði, þá get eg ekki séð líkindi til, að þar við upplýsist neitt

44. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
mannsins yfir Íslandi, um að síra Páli Pálssyni sè 1867.
4. september.
veitt leyfi til að kenna mállausum og heyrnarlausum á
Íslandi¹.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, hefir síra Páll Pálsson, sóknarprestur að Kálfafelli í Skaptafells-sýslu, dvalið um tíma hér í bænum til þess að kynna sèr kennsluaðferðina á hinum konunglega skóla handa mállausum og heyrnarlausum, og samkvæmt vitnisburði frá forstjóra greinds skóla hefir hann þenna tíma, sem hann hefir dvalið þar, aflað sèr svo mikillar þekkingar og æfingar í kennslu mállausra og heyrnarlausra, að það mundi mega fela honum á hendur að kenna mállausum og heyrnarlausum börnum á Íslandi. Um leið og forstjórinn fyrir hinum konunglega skóla handa mállausum og heyrnarlausum hefir gefið þenna vitnisburð, hefir hann vakið athygli á, að mállaus og heyrnarlaus börn frá Íslandi geti ekki, eins og eðlilegt er, haft eins mikil not af kennslunni á tæðum skóla, og ákjósanlegt væri. Hefir hann um það efni tekið fram, að einu leytinu: að þau læri í skólanum danska tungu og bendingamálið, en af því að þau í átthögum sínum geta mjög svo lítið, opt jafnvel alls ekki komið dönsku við, og geta ekki í umgengni við vandamenn sína gjört sig skiljanlega nema með bendingum, þá hljóti þau að verða eins aumlega einstæðingsleg innan um fólkið, sem þau eru með samvistum, og þó þau hefðu

verulegt, er ekki sè þegar fram komið í þessu máli, og virðist mér því, að slík ráðstöfun mundi einungis leiða af sèr enn meiri drátt á málinu og baka hlutaðeigendum fyrirhöfn, meiri en viðurkvæmilegt er eptir málavöxtum, og er þessari ósk ekki heldur fram haldið í bréfi hins setta hreppstjóra frá 22. janúarmán. þ. á. — En láti sveitarstjórnin í tæðum hrepp sèr ekki lynda framan-skrifað álit, og óski slíks prófs á eigin kostnað, þá er ekkert því til fyrirstöðu frá amtsins hálfu.

Þetta bréf mitt óska eg að þér tilkynnið hlutaðeigendum.

¹) Sama dag voru hinum amtmönnum og biskupinum á Íslandi rituð bréf sama efnis.